Ársreikningur

# Kjósarhrepps

2021

# Efnisyfirlit

**Bls.**


**Kjörnir fulltrúar:**

Sveitarstjórn, nefndir og ráð.......... 2

**Áritanir:**

Skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar.......... 3

Áritun óháðs endurskoðanda.......... 4

**Kjósarhreppur - A og B hluti:**

Rekstrarreikningur 2021.......... 6

Efnahagsreikningur 31. desember 2021.......... 7 - 8

Yfirlit um sjóðstreymi 2021.......... 9

Skýringar.......... 10 - 20

# Sveitarstjórn, nefndir og ráð

## Sveitarstjórn:

### Aðalstjórn:

Karl Magnús Kristjánsson (oddviti)
Þórarinn Jónsson (varaoddviti),
Regína Hansen Guðbjörnsdóttir (ritari)
Guðný G. Ívarsdóttir
Guðmundur Davíðsson

### Endurskoðendur:

PricewaterhouseCoopers ehf.
Arna G. Tryggvadóttir, löggiltur endurskoðandi

## Nefndir og ráð:

### Samgöngu- og fjarskiptanefnd

Regína Hansen Guðbjörnsdóttir, Guðmundur P. Jakobsson, Guðmundur Davíðsson

### Skipulags- og byggingarnefnd

Maríanna H. Helgadóttir, Magnús Kristmannsson, Elís Guðmundsson

### Viðburða- og menningarmálanefnd

Einar Tönsberg, Guðný G. Ívarsdóttir, Guðbjörg Jóhannesdóttir

### Rit- og útgáfunefnd

Karl Magnús Krisjánsson, Gunnar Kristjánsson

### Félags-, æskulýðs- og jafnréttisnefnd

Regína Hansen Guðbjörnsdóttir, Sigurþór Ingi Sigurðsson, Guðný G. Ívarsdóttir

### Umhverfisnefnd

Katrín Cýrusdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Þorbjörg Skúladóttir

### Kjörstjórn

Ólafur Helgi Ólafsson, Unnur Sigfúsdóttir, Karl Magnús Kristjánsson

### Fulltrúi í heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis

Maríanna H. Helgadóttir

### Fulltrúar í almannavarnarnefnd

Adam Finnsson, Karl Magnús Kristjánsson

### Notendaráð Kjósahrepps og Mosfellsbæjar um málefni fatlaðs fólks

Regína Hansen Guðbjörnsdóttir, Sigurþór Ingi Sigurðsson

### Stjórn Kjósarveitna ehf

Pétur Guðjónsson stjórnarformaður,
Guðmundur Davíðsson, Jóhanna Hreinsdóttir ritari

### Stjórn Leiðarljóss ehf

Karl Magnús Kristjánsson, Regína Hansen Guðbjörnsdóttir,
Rebekka Th. Kristjánsdóttir

# Skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar

Ársreikningur Kjósarhrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins námu 385 millj.kr. samkvæmt ásreikningi fyrir A og B hluta en þar af námu rekstrartekjur A hluta 289 millj. kr.
Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var neikvæð um 1,6 millj.kr. og í A hluta neikvæð um 1,3 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 3,5 millj.kr. fyrir A hluta og hagnaði 1 millj. kr. fyrir A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 329,7 millj.kr. samkvæmt efnahagsreikningi en eigið fé A hluta nam kr. 420,8 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 75,5 millj.kr. en í A hluta um 66,6 millj. kr. Stöðugildi hjá sveitarfélaginu voru um 4,6 í árslok.

Íbúum Kjósarhrepps fjölgaði um 5 á árinu 2021 eða um 2%. Þann 1. desember 2021 voru íbúar 255 en þann 1. desember 2020 voru þeir 250.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem geisað hefur um tveggja ára skeið hefur haft nokkur áhrif á daglegan rekstur sveitarfélagsins. Sveitarfélagið var og er vel í stakk búið til að takast á við þessar fordæmalausu aðstæður, hvort sem litið er til högunar þjónustu við íbúa fjárhags- eða lausafjárstöður. Árið 2020 var samþykkt að lækka fasteignagjöldin um 12,5% til að mæta þörfum gjaldenda og var sú samþykkt framlengd fyrir árið 2021. Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkt hefur og ríkir að nokkru leyti enn um efnahagshorfur er það engu að síður talið nauðsynlegt að gæta ýtrustu varúðar í að treysta rekstur og fjárhag sveitarfélagsins. Aðgerðir stjórnenda hafa miðað í fyrsta lagi að því að tryggja rekstrarsamfellu þannig að sem minnst truflun sé á þjónustu sveitarfélagsins við íbúa. Jafnframt hefur verið gætt sérstakrar varúðar hvað varðar styrk efnahags- og lausafjárstöðu til að mæta ófyrirséðum aðstæðum sem vísað er til hér að ofan. Það er mat stjórnenda að með þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til verði áhrifin á rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins óveruleg.

Samkvæmt bestu vitneskju sveitarstjóra og sveitarstjórnar er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu A-hluta og samstæðunnar í heild, og að í skýrslu stjórnar komi fram þær upplýsingar sem krafist er.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps og sveitarstjóri staðfesta hér með ársreikning Kjósarhrepps fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Kjósarhreppi, 4. maí 2022

Sveitarstjórn:

Oddviti

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til sveitarstjórnar Kjósarhrepps.**

*Álit*
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjósarhrepps fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2021, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

*Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta og innifelur*
- Skýrslu og áritun oddvita og sveitarstjórnar.
- Rekstrarreikning fyrir árið 2021.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2021.
- Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir árið 2021.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

**Grundvöllur álits**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

*Óhæði*
Við erum óháð sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar**
Sveitarstjórn og oddviti bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar sem lá fyrir við áritun okkar.
Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritunar oddvita og sveitarstjórnar og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun oddvita og sveitarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

**Ábyrgð sveitarstjórnar og oddvita á ársreikningnum**
Sveitarstjórn og oddviti eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Sveitarstjórn og oddviti eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda frh.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitafélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga sem falla undir A og B hluta sveitarfélagsins og gefum út álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar ársreiknings sveitarfélagsins. Við berum ábyrgð á áliti okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 4. maí 2022.

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Arna G. Tryggvadóttir

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur 2021

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti Ársreikningur 2021 | Sveitarsjóður A hluti Áætlun 2021 | Sveitarsjóður A hluti Ársreikningur 2020 | Samantekið A og B hluti Ársreikningur 2021 | Samantekið A og B hluti Áætlun 2021 | Samantekið A og B hluti Ársreikningur 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | |
| Skatttekjur | | 229.299 | 235.511 | 232.717 | 229.299 | 235.511 | 232.717 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | | 18.524 | 25.621 | 22.963 | 18.524 | 25.621 | 22.963 |
| Aðrar tekjur | | 41.401 | 39.802 | 63.495 | 137.250 | 138.342 | 143.322 |
| | 11 | 289.223 | 300.934 | 319.175 | 385.072 | 399.474 | 399.002 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 12 | 66.640 | 62.940 | 57.877 | 75.540 | 71.261 | 82.388 |
| Annar rekstrarkostnaður | 13 | 221.190 | 234.202 | 210.940 | 261.339 | 274.718 | 241.317 |
| | | 287.829 | 297.142 | 268.817 | 336.879 | 345.979 | 323.705 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði | | 1.393 | 3.793 | 50.357 | 48.193 | 53.495 | 75.296 |
| Afskriftir | 4,5,16 | ( 1.969 ) | ( 1.940 ) | ( 1.969 ) | ( 20.526 ) | ( 20.781 ) | ( 16.835 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 14 | ( 736 ) | ( 5.366 ) | ( 5.636 ) | ( 29.267) | ( 31.755 ) | ( 28.725 ) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | ( 1.312 ) | ( 3.514 ) | 42.752 | ( 1.601 ) | 959 | 29.736 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

## Eignir

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 2021 | Sveitarsjóður A hluti 2020 | Samantekið A og B hluti 2021 | Samantekið A og B hluti 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir | 16, 17 | 96.850 | 98.819 | 131.850 | 133.819 |
| Hitaveita, stofnkostnaður | | 0 | 0 | 454.804 | 463.779 |
| Ljósleiðari | | 0 | 0 | 89.420 | 95.555 |
| | | 96.850 | 98.819 | 676.074 | 693.153 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 6, 19 | 175.669 | 175.669 | 7.169 | 7.169 |
| Langtímakröfur, eigin fyrirtæki | | 120.567 | 120.876 | 0 | 0 |
| | | 296.235 | 296.545 | 7.169 | 7.169 |
| Fastafjármunir | | 393.085 | 395.364 | 683.242 | 700.322 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Skammtímakröfur: | 7 | | | | |
| Óinnheimtar tekjur | | 14.804 | 15.873 | 26.081 | 29.812 |
| Aðrar skammtímakröfur | 16 | 72.638 | 7.127 | 76.457 | 7.362 |
| Handbært fé | 8 | 107.542 | 89.877 | 145.067 | 125.567 |
| Veltufjármunir | | 194.985 | 112.877 | 247.605 | 162.741 |
| **Eignir samtals** | | 588.070 | 508.241 | 930.847 | 863.063 |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | 9 | | | | |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr. | Sveitarsjóður A hluti 2021 | Sveitarsjóður A hluti 2020 | Samantekið A og B hluti 2021 | Samantekið A og B hluti 2020 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur | 21 | 420.836 | 422.148 | 329.660 | 331.260 |
| | | 420.836 | 422.148 | 329.660 | 331.260 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 22 | 107.109 | 29.497 | 482.149 | 416.595 |
| | | 107.109 | 29.497 | 482.149 | 416.595 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 55.749 | 52.983 | 80.489 | 79.257 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 23 | 4.376 | 3.614 | 38.550 | 35.952 |
| | | 60.125 | 56.597 | 119.039 | 115.209 |
| Skuldir samtals | | 167.234 | 86.094 | 601.187 | 531.804 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 588.070 | 508.241 | 930.847 | 863.063 |

# Yfirlit um sjóðstreymi 2021

| | | Sveitarsjóður A hluti | | | Samantekið A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Skýr. | Ársreikningur 2021 | Áætlun 2021 með viðaukum | Ársreikningur 2020 | Ársreikningur 2021 | Áætlun 2021 með viðaukum | Ársreikningur 2020 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| Niðurstaða ársins | | (1.312) | (3.514) | 42.752 | (1.601) | 959 | 29.736 |
| Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Reiknaðar afskriftir | 5, 16 | 1.969 | 1.940 | 1.969 | 20.526 | 20.781 | 16.835 |
| Verðbætur langtímalána | 3 | 2.351 | 0 | 1.171 | 21.800 | 0 | 15.670 |
| Aðrar breytingar | | 0 | 0 | 0 | 1.382 | 0 | 0 |
| Veltufé frá rekstri | | 3.009 | (1.574) | 45.891 | 42.107 | 21.740 | 62.241 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur, lækkun | | 1.068 | 0 | (1.506) | 3.731 | 0 | (2.367) |
| Aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | | (65.511) | 0 | (3.453) | (69.095) | 0 | 1.029 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 2.766 | 0 | 27.531 | 1.232 | 0 | 3.040 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | (61.677) | 0 | 22.573 | (64.132) | 0 | 1.702 |
| Handbært fé frá rekstri | | (58.668) | (1.574) | 68.464 | (22.023) | 21.740 | 63.944 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | | |
| Kaupverð efnislegra eigna | 16 | 0 | 0 | (16.500) | 0 | 0 | (16.500) |
| Styrkur frá Orkusjóð | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Ljósleiðari | 16 | 0 | 0 | 0 | | 0 | (8.436) |
| Eigin fyrirtæki, breyting | | 310 | 0 | (5.266) | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfesting í öðrum varanlegum rekstrarfjármunum | 16 | 0 | (72.000) | 0 | 0 | (72.000) | 0 |
| Hitaveita stofnkostnaður | 16 | 0 | 0 | 0 | (4.828) | 0 | (1.409) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 310 | (72.000) | (21.766) | (4.828) | (72.000) | (26.345) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 80.000 | 0 | 0 | 80.000 | 0 | 0 |
| Bankareikningslán | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána | | (3.977) | 0 | (3.818) | (33.649) | (30.000) | (31.885) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 76.023 | 0 | (3.818) | 46.351 | (30.000) | (31.886) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 17.664 | (73.574) | 42.880 | 19.500 | (80.260) | 5.713 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 89.877 | 89.877 | 46.997 | 125.567 | 125.567 | 119.856 |
| **Handbært fé í árslok** | | 107.542 | 16.303 | 89.877 | 145.067 | 45.308 | 125.567 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Kjósarhrepps árið 2021 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða að öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem eru í meirihluta eigu sveitarfélagsins en rekstur þessa fyrirtækja er fjármagnað með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Kjósarveitur ehf og Leiðarljós ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

Með gildistöku reglugerðar nr. 230/2021 um breytingu á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, er sveitarfélögum nú gert frá og með reikningsárinu 2021 að færa byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins hlutfallslega í samantekin reikningsskil. Með reglugerð nr. 14/2022 var sveitarfélögum veitt heimild til þess að fresta innleiðingu um eitt ár og er það gert í tilfelli Kjósarhrepps.

Það félag sem Kjósarhreppur er aðili að og ber ótakmarkaða ábyrgð á, ásamt öðrum er:
- Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands

### Innlausn tekna

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

### Verðlags- og gengisviðmið

3. Eignir og skuldir sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

4. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Lóð er færð á kostnaðarverði.

### Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

5. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir | 5 - 40 ár |
| Hitaveita | 25 - 40 ár |
| Ljósleiðari | 12 - 30 ár |

Stofnkostnaður hitaveitu og ljósleiðara er færður til eignar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Ljósleiðari var tekinn í notkun á árinu 2019 og er afskrifaður miðað við líftíma, strengurinn um 30 ár en endabúnaður um 12 ár.

### 6. Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutir í félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði eða á síðasta viðskiptaverði. Hagnaður (tap) af sölu eignarhluta er mismunur á söluverði og stofnverði eigna á söludegi.

### Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

7. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### Handbært fé

8. Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

### Eignir utan efnahagsreiknings

9. Lönd og lóðir í eigu sveitarfélagsins eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, nema þau hafi verið keypt. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

### Fjárhagsáætlun

10. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2021 er hluti ársreikningsins og er birt til samanburðar í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi.

### Aðrar skýringar og sundurliðanir

## Rekstrartekjur

11. Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Sveitarsjóður A hluti | | Sveitarsjóður A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur: | 2021 | Áætlun | 2021 | Áætlun |
| Útsvar | 171.986 | 179.000 | 171.986 | 179.000 |
| Fasteignaskattar | 57.313 | 56.511 | 57.313 | 56.511 |
| | 229.299 | 235.511 | 229.299 | 235.511 |
| Jöfnunarsjóður: | | | | |
| Framlög úr Jöfnunarsjóði | 18.524 | 25.621 | 18.524 | 25.621 |
| | 18.524 | 25.621 | 18.524 | 25.621 |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður samtals | 247.822 | 261.133 | 247.822 | 261.133 |
| Aðrar tekjur: | | | | |
| Þjónustutekjur o.fl. | 38.212 | 36.707 | 38.212 | 36.707 |
| Eignatekjur | 3.188 | 3.095 | 99.038 | 101.635 |
| | 41.401 | 39.802 | 137.250 | 138.342 |
| Rekstrartekjur samtals | 289.223 | 300.934 | 385.072 | 399.474 |

## Laun og launatengd gjöld

12. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2021 | Áætlun | 2021 | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Laun | 54.950 | 52.895 | 63.718 | 59.404 |
| Launatengd gjöld | 11.689 | 10.045 | 11.822 | 11.857 |
| | 66.640 | 62.940 | 75.540 | 71.261 |

Heildarstöðugildi voru um 4,6 í árslok 2021.

## Annar rekstrarkostnaður

13. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2021 | Áætlun | 2021 | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Vöru- og þjónustukaup | 164.631 | 156.234 | 204.781 | 196.750 |
| Styrkir, framlög og annar kostnaður | 56.558 | 77.968 | 56.558 | 77.968 |
| | 221.190 | 234.202 | 261.339 | 274.718 |

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

14. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | 2021 | Áætlun | 2021 | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 12.166 | 1.200 | 12.430 | 1.389 |
| Vaxtagjöld | ( 6.832) | ( 2.017) | ( 16.178) | ( 11.205) |
| Verðbótatekjur/(gjöld) | ( 6.244) | ( 4.750) | ( 25.694) | ( 22.139) |
| Tekjur af eignarhlutum | 175 | 200 | 175 | 200 |
| | ( 736) | ( 5.366) | ( 29.267) | ( 31.755) |

## Heildaryfirlit um rekstur

15. Rekstur málaflokka Aðalsjóðs greinist þannig:

| | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Áætlun |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | 0 | 247.822 | 247.822 | 261.133 |
| Félagsþjónusta | 26.832 | 1.020 | ( 25.812) | ( 29.787) |
| Heilbrigðismál | 693 | 1.047 | 354 | ( 300) |
| Fræðslu- og uppeldismál | 92.565 | 0 | ( 92.565) | ( 112.440) |
| Menningarmál | 7.740 | 0 | ( 7.740) | ( 2.973) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 4.070 | 1.054 | ( 3.015) | ( 4.094) |
| Brunamál og almannavarnir | 1.950 | 0 | ( 1.950) | ( 1.600) |
| Hreinlætis- og heilbrigðismál | 30.096 | 23.025 | ( 7.071) | ( 14.395) |
| Skipulags- og byggingarmál | 22.039 | 6.866 | ( 15.173) | ( 11.582) |
| Umferðar- og samgöngumál | 12.239 | 0 | ( 12.239) | ( 9.724) |
| Umhverfismál | 4.543 | 0 | ( 4.543) | ( 3.629) |
| Atvinnumál | 1.949 | 0 | ( 1.949) | ( 1.700) |
| Framlag til B hlutafyrirtækja | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Sameiginlegur kostnaður | 71.254 | 5.200 | ( 66.054) | ( 59.627) |
| Fjármagnsliðir | ( 8.422) | 0 | 8.422 | ( 5.366) |
| Aðalsjóður samtals | 267.548 | 286.035 | 18.487 | 3.916 |
| A hluta sjóðir og stofnanir: | | | | |
| Eignasjóður | 29.517 | 9.719 | ( 19.799) | ( 7.430) |
| Innri færslur A hluta | ( 6.531) | ( 6.531) | 0 | 0 |
| | 22.987 | 3.188 | ( 19.799) | ( 7.430) |
| A hluti samtals | 290.535 | 289.223 | ( 1.312) | ( 3.514) |
| B hluta fyrirtæki: | | | | |
| Kjósarveitur ehf | 86.507 | 88.346 | 1.839 | 4.930 |
| Leiðarljós ehf | 15.750 | 13.622 | ( 2.128) | ( 458) |
| Innri færslur A og B hluta | (6.118) | (6.118) | 0 | 0 |
| A og B hluti samtals | 386.673 | 385.072 | ( 1.601) | 959 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

16. Efnislegar eignir greinast þannig:

| Bókfært verð A hluta: | Fasteignir o.fl. | Hitaveitufr. | Samtals |
|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1.1. 2021 | 98.819 | 0 | 98.819 |
| Viðbót á árinu | 0 | 0 | 0 |
| Selt og fært út á árinu | 0 | 0 | 0 |
| Afskrifað á árinu | ( 1.969) | 0 | ( 1.969) |
| Bókfært verð 31.12. 2021 | 96.850 | 0 | 96.850 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5 - 20% | | |

| Bókfært verð A og B hluta: | Fasteignir o.fl. | Hitaveitufr./ Gagnaveita | Samtals |
|---|---|---|---|
| Bókfært verð 1.1. 2021 | 133.819 | 559.335 | 693.153 |
| Viðbót á árinu | 0 | 3.446 | 3.446 |
| Framlag | | | 0 |
| Afskrifað á árinu | ( 1.969) | ( 18.557) | ( 20.526) |
| Bókfært verð 31.12. 2021 | 131.850 | 544.224 | 676.074 |
| Afskriftarhlutföll | 2,5 - 20% | 2,5 - 8% | |

Fjárfesting A og B hluta:

Fjárfesting í efnislegum eignum á árinu greinast þannig:

| | Fjárfesting | Áætlun 2021 |
|---|---|---|
| A hluti: | | |
| Lóð | 0 | 72.000 |
| B hluti: | | |
| Hitaveituframkvæmdir | 4.828 | 0 |
| Ljósleiðari | (1.382) | 0 |
| Samtals | 3.446 | 72.000 |

Á árinu 2021 gerði Kjósarhreppur kaupsamning um landspildur úr jörðunum Valdastaðir og Valdastaðir 2 sem nú eru nefndar Ásgarðsland. Kaupverð er 72.000 þús. kr. Afsal og afhending fer fram á árinu 2022. Á árinu reiddi Kjósarhreppur fram 65.000 þús. kr. vegna þessa kaupsamnings og er það fært á meðal annara krafna. Þegar jörðunum verður afsalað á árinu 2022 verður landið fært meðal fastafjármuna.

17. Bókfært verð fasteigna sveitarfélagsins og vátryggingarverðmæti þeirra greinast þannig í árslok:

| A og B hluta: | Vátryggingar-verð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Félagsgarður, félagsheimili | 104.750 | 20.023 |
| Ásgarður, barnaskóli | 109.500 | 29.437 |
| Klébergsskóli (hluti) | | 2.358 |
| Varmá, gagnfræðaskóli (hluti) | | 2.613 |
| Möðruvallarrétt | | 2.711 |
| Möðruvellir 1 | 97.418 | 38.086 |
| Hús á endurvinnsluplani | | 1.417 |
| Heilsugæsla | | 56 |
| Læknisbústaður | | 149 |
| | 311.668 | 96.850 |
| Hitaveita | 439.021 | 454.804 |
| Land undir hitaveitu | | 35.000 |
| Ljósleiðari | | 89.420 |
| | 750.689 | 676.074 |

Fasteignamat eigna í árslok nemur 84,88 mkr.

18. Vátryggingafjárhæð reksturs sveitarfélagsins nam í árslok 160.000 þús. kr.. Vátryggingafjárhæð lausafjármuna nam í árslok 33.852 þús.kr. og greinist þannig á milli bókasafns, Félagsgarðs, félagsheimili og aðra lausafjármuni.

## Eignarhlutar í félögum

19. Eignarhlutar í félögum:

| | Eignarhlutur | Nafnverð | A hluti Bókfært verð | A og B hluti Bókfært verð |
|---|---|---|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | 0,08% | 4.050 | 7.169 | 7.169 |
| Eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands | 0,19% | 0 | 0 | 0 |
| Leiðarljós ehf. | 100% | 500 | 500 | 0 |
| Kjósarveitur ehf | 100% | 168.000 | 168.000 | 0 |
| | | | 175.669 | 7.169 |

## Niðurfærsla krafna

20. Niðurfærsla krafna greinist þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 14.451 | 14.451 |
| Breyting niðurfærslu á árinu | ( 3.145 ) | ( 3.145 ) |
| Niðurfærsla í árslok | 11.306 | 11.306 |

Niðurfærsla útistandandi krafna nemur samtals 11.306 þús.kr. í árslok 2021 og eru útistandandi kröfur í efnahagsreikningi færðar niður um sömu fjárhæð. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim vanhöldum sem kunna að verða á útistandandi kröfum í árslok. Lækkun niðurfærslunnar á árinu, 3.145 þús.kr., er færð til hækkunar á vaxtatekjum meðal fjármagnsliða í rekstrarreikningi, 815 þús.kr., til hækkunar á skatttekjum, 2.414 þús.kr. og til lækkunar á fasteignagjöldum 84 þús.kr.

## Eigið fé

21. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 422.148 | 331.260 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (1.312) | (1.601) |
| Eigið fé 31.12.2021 | 420.836 | 329.660 |

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| A hluti | 100% | 588.070 | 167.234 | 420.836 |
| Kjósarveitur ehf. | 100% | 528.749 | 440.618 | 88.131 |
| Leiðarljós ehf. | 100% | 103.331 | 114.138 | (10.807) |
| Millifærslur, innbyrðis staða | | (289.302) | (120.803) | (168.500) |
| A og B hluti | | 930.847 | 601.187 | 329.660 |

## Langtímaskuldir

22. Yfirlit um langtímaskuldir:

| Verðtryggðar skuldir: | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Lán bundin neysluverðsvísitölu, breytilegir vextir 1,0-2,6% | 111.485 | 520.698 |
| Næsta árs afborganir | ( 4.376 ) | ( 38.550 ) |
| Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals | 107.109 | 482.149 |

23. Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 2022 | 4.376 | 38.550 |
| Árið 2023 | 4.376 | 38.550 |
| Árið 2024 | 15.926 | 50.100 |
| Árið 2025 | 27.477 | 61.650 |
| Árið 2026 | 27.477 | 61.650 |
| Síðar | 31.852 | 270.198 |
| Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborganir | 111.485 | 520.698 |

## Önnur mál

24. Ábyrgðir

Kjósarhreppur ber sjálfskuldarábyrgð á verðtryggðum skuldum Kjósarveitna ehf. í árslok 2021 að fjárhæð kr. 409 millj.
Auk þess hefur Kjósarhreppur veðsett framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur.

## Samanburður rekstraráætlana

25. Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2021 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

| | **A og B hluti** Upphafleg fjárhagsáætlun | **A og B hluti** Viðaukar við fjárhagsáætlun | **A og B hluti** Fjárhagsáætlun með viðaukum |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Skatttekjur | 221.254 | 14.257 | 235.511 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 25.621 | | 25.621 |
| Aðrar tekjur | 119.702 | 18.640 | 138.342 |
| | 366.577 | 32.897 | 399.475 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 71.207 | 54 | 71.261 |
| Annar rekstrarkostnaður | 265.473 | 9.245 | 274.718 |
| Afskriftir | 19.281 | 1.500 | 20.781 |
| | 355.961 | 10.799 | 366.760 |
| Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða | 10.616 | 22.098 | 32.714 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -18.456 | -13.299 | -31.755 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | -7.840 | 8.799 | 959 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Niðurstaða ársins | -7.840 | 8.799 | 959 |
| Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Reiknaðar afskriftir | 19.281 | 1.500 | 20.781 |
| Verðbætur langtímalána | 0 | 0 | 0 |
| Veltufé frá rekstri | 19.281 | 1.500 | 20.781 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Styrkur frá Orkusjóð | 0 | 0 | 0 |
| Hitaveita stofnkostnaður | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfesting lóð | -72.000 | 0 | -72.000 |
| Ljósleiðari stofnkostnaður | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | -72.000 | 0 | -72.000 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímalána | -30.000 | 0 | -30.000 |
| Fjármögnunarhreyfingar | -30.000 | 0 | -30.000 |
| **Hækkun á handbæru fé** | -90.558 | 10.299 | -80.259 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 125.567 | 0 | 125.567 |
| **Handbært fé í árslok** | 35.009 | 10.299 | 45.308 |

## Lykiltölur

26. Yfirlit um lykiltölur:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2021 | Áætlun 2021 með viðaukum | Ársreikningur 2021 | Áætlun 2021 með viðaukum |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur** | | | | |
| Framlegð (EBITDA) | 0% | 1% | 13% | 13% |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður | 86% | 87% | 64% | 65% |
| Laun og launatengd gjöld | 23% | 21% | 20% | 18% |
| Annar rekstrarkostnaður | 76% | 78% | 68% | 69% |
| Afskriftir | 1% | 1% | 5% | 5% |
| Fjármagnsliðir, nettó | 0% | 2% | 8% | 8% |
| Rekstrargjöld samtals | 100% | 101% | 100% | 100% |
| Rekstrarniðurstaða | 0% | -1% | 0% | 0% |
| Veltufé frá rekstri | 1% | -1% | 11% | 5% |
| Fjárfestingar | 0% | 0% | 1% | 18% |
| Heildarskuldir og skuldbindingar | 58% | 56% | 156% | 150% |
| Heildarskuldir og skuldbindingar - skuldahlutfall án hitaveitu | 58% | 56% | 56% | 54% |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga** | | | | |
| Jafnvægisregla | 89% | 94% | 84% | 88% |
| Skuldaviðmið | 11% | 11% | 27% | 26% |
| **Í þúsundum króna á íbúa** | | | | |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður | 972 | 1.024 | 972 | 1.024 |
| Þjónustutekjur og aðrar tekjur | 162 | 156 | 538 | 543 |
| Tekjur samtals | 1.134 | 1.180 | 1.510 | 1.567 |
| Laun og launatengd gjöld | 261 | 247 | 296 | 279 |
| Annar rekstrarkostnaður | 867 | 918 | 1.025 | 1.077 |
| Afskriftir | 8 | 8 | 80 | 81 |
| Fjármagnsliðir, nettó | 3 | 21 | 115 | 125 |
| Rekstrargjöld samtals | 1.139 | 1.194 | 1.516 | 1.563 |
| Rekstrarniðurstaða | -5 | -14 | -6 | 4 |
| Veltufé frá rekstri | 12 | -6 | 165 | 85 |
| Handbært fé frá rekstri | -230 | -6 | -86 | 85 |
| Fjárfestingar | 1 | -282 | -19 | -282 |
| Eignir | 2.306 | 2.306 | 3.650 | 3.650 |
| Eigið fé | 1.650 | 1.650 | 1.293 | 1.293 |
| Peningaleg staða | 582 | 582 | (1.387) | (1.387) |
| Heildarskuldir | 656 | 656 | 2.358 | 2.358 |
| **Aðrar lykiltölur** | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 3,24 | 3,24 | 2,08 | 2,08 |
| Eiginfjárhlutfall | 72% | 72% | 35% | 35% |
| Langtímask. og skuldbind./veltufé frá rekstri (árafjöldi) | 56 | -106 | 14 | 28 |
| Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldb. | 76% | 0% | 125% | 72% |
| **Íbúafjöldi** | | | | |
| Íbúafjöldi 1. desember | 255 | 255 | 255 | 255 |

## Lykiltölur

27. Sveitasjóður (A-hluti)

| | 2021 Fjárhags-áætlun með viðaukum | 2021 | 2020 Fjárhags-áætlun með viðaukum | 2020 | 2019 Fjárhags-áætlun með viðaukum | 2019 | 2018 Fjárhags-áætlun með viðaukum | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur** | | | | | | | | |
| Útsvar | 59% | 59% | 57% | 56% | 55% | 52% | 56% | 50% |
| Fasteignaskattar | 19% | 20% | 20% | 17% | 26% | 24% | 26% | 21% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 9% | 6% | 8% | 7% | 7% | 6% | 7% | 3% |
| Skatttekjur samtals | 87% | 86% | 85% | 80% | 88% | 83% | 88% | 73% |
| Aðrar tekjur | 13% | 14% | 15% | 20% | 12% | 17% | 12% | 27% |
| | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |
| Laun og launatengd gjöld | 21% | 23% | 18% | 18% | 15% | 16% | 17% | 15% |
| Annar rekstrarkostnaður | 78% | 76% | 74% | 66% | 74% | 67% | 63% | 70% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 1% | 0% | 9% | 16% | 10% | 16% | 19% | 15% |
| Afskriftir | -1% | -1% | -1% | -1% | -1% | -1% | -1% | -1% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -2% | 0% | -2% | -2% | -2% | 0% | -1% | -1% |
| Rekstrarniðurstaða | -1% | 0% | 6% | 13% | 8% | 16% | 18% | 14% |
| Handbært fé frá rekstri | -1% | -20% | 7% | 21% | 9% | 20% | 19% | 17% |
| Fjárfestingarhreyfingar | -24% | 0% | 0% | -5% | 0% | 0% | 0% | 0% |
| Framlegð (EBITDA) | 1% | 0% | 9% | 16% | 10% | 16% | 19% | 15% |
| Veltufé frá rekstri | -1% | 1% | 7% | 14% | 9% | 17% | 19% | 15% |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | -24% | 0% | 0% | -5% | 0% | 0% | 0% | 0% |
| Heildarskuldir og skuldbindingar - skuldahlutf. | 56% | 58% | 31% | 27% | 26% | 23% | 29% | 24% |
| **Önnur hlutföll** | | | | | | | | |
| Langtímaskuldir og skuldb./veltufé frá rekstri (árafjöldi) | -106 | 56 | 5 | 2 | 3 | 1 | 2 | 2 |
| Veltufé frá rekstri/afborganir skulda og skuldb. | 0% | 76% | 0% | 1202% | 614% | 1200% | 1119% | 1106% |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga** | | | | | | | | |
| Jafnvægisregla (heildarútjöld/heildartekjur) | 94% | 89% | 88% | 84% | 87% | 84% | 89% | 85% |
| Skuldaviðmið | 11% | 11% | 11% | 9% | 11% | 10% | 9% | 7% |
| **Í þúsundum króna á íbúa** | | | | | | | | |
| **Rekstur:** | | | | | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 1.024 | 972 | 932 | 1.023 | 856 | 887 | 800 | 812 |
| Aðrar tekjur | 156 | 162 | 166 | 254 | 121 | 188 | 108 | 298 |
| Laun og launatengd gjöld | 247 | 261 | 193 | 232 | 151 | 175 | 156 | 165 |
| Annar rekstrarkostnaður | 918 | 867 | 809 | 844 | 726 | 723 | 576 | 777 |
| Afskriftir | (8) | (8) | (9) | (8) | (9) | (9) | (9) | (9) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (21) | (3) | (21) | (23) | (15) | 2 | (7) | (7) |
| Rekstrarniðurstaða | (14) | (5) | 66 | 171 | 77 | 171 | 161 | 154 |
| **Efnahagur:** | | | | | | | | |
| Eignir | 2.306 | 2.306 | 2.033 | 2.033 | 1.798 | 1.798 | 1.682 | 1.682 |
| Eigið fé | 1.650 | 1.650 | 1.689 | 1.689 | 1.549 | 1.549 | 1.419 | 1.419 |
| Skuldir | 656 | 656 | 344 | 344 | 250 | 250 | 264 | 264 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | (6) | 12 | 75 | 184 | 86 | 183 | 169 | 167 |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | (6) | (230) | 75 | 274 | 86 | 219 | 169 | 185 |
| **Aðrar lykiltölur** | | | | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 3,2 | 3,2 | 2,0 | 2,0 | 2,2 | 2,2 | 2,6 | 2,6 |
| Eiginfjárhlutfall | 72% | 72% | 83% | 83% | 86% | 86% | 84% | 84% |
| Íbúafjöldi | 255 | 255 | 250 | 250 | 245 | 245 | 238 | 238 |
| Breyting frá fyrra ári (%) | 4,1% | 4,1% | 5,0% | 5,0% | 10,9% | 10,9% | 7,7% | 7,7% |

## Lykiltölur

| 28. Sveitasjóður (A og B hluti) | 2021<br>Fjárhags-<br>áætlun með<br>viðaukum | 2021 | 2020<br>Fjárhags-<br>áætlun með<br>viðaukum | 2020 | 2019<br>Fjárhags-<br>áætlun með<br>viðaukum | 2019 | 2018<br>Fjárhags-<br>áætlun með<br>viðaukum | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur** | | | | | | | | |
| Útsvar | 45% | 45% | 46% | 45% | 37% | 36% | 31% | 41% |
| Fasteignaskattar | 14% | 15% | 16% | 14% | 18% | 17% | 15% | 17% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 6% | 5% | 7% | 6% | 5% | 5% | 4% | 2% |
| Skatttekjur samtals | 65% | 64% | 69% | 64% | 60% | 58% | 50% | 60% |
| Aðrar tekjur | 35% | 36% | 31% | 36% | 40% | 42% | 50% | 40% |
| | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% |
| Laun og launatengd gjöld | 18% | 20% | 20% | 21% | 16% | 18% | 17% | 19% |
| Annar rekstrarkostnaður | 69% | 68% | 67% | 60% | 74% | 66% | 57% | 67% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 13% | 13% | 13% | 19% | 10% | 16% | 25% | 14% |
| Afskriftir | -5% | -5% | -4% | -4% | -1% | -4% | -1% | -3% |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | -8% | -8% | -5% | -7% | -1% | -6% | 0% | -5% |
| Rekstrarniðurstaða | 0% | 0% | 5% | 7% | 9% | 7% | 24% | 5% |
| Handbært fé frá rekstri | 5% | -6% | 8% | 16% | 9% | 19% | 25% | 68% |
| Fjárfestingarhreyfingar | -18% | -1% | 0% | -7% | -2% | 3% | 20% | 2% |
| Framlegð (EBITDA) | 13% | 13% | 13% | 19% | 10% | 16% | 25% | 14% |
| Veltufé frá rekstri | 5% | 11% | 8% | 16% | 9% | 13% | 25% | 12% |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | -18% | -1% | 0% | -7% | -2% | 3% | 20% | 2% |
| Heildarskuldir og skuldbindingar - skuldahlutf | 50% | 56% | 32% | 26% | 22% | 20% | 29% | 24% |
| **Önnur hlutföll** | | | | | | | | |
| Langtímaskuldir og skuldb./veltufé frá rekstri (árafjöldi) | 28 | 14 | 19 | 9 | 17 | 11 | 6 | 14 |
| Veltufé frá rekstri/afborganir skulda og skuldb | 72% | 125% | 96% | 195% | 110% | 168% | 2645% | 1100% |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga** | | | | | | | | |
| Jafnvægisregla (heildarútjöld/heildartekjur) | 88% | 84% | 83% | 83% | 88% | 89% | 89% | 93% |
| Skuldaviðmið | 26% | 27% | 4% | 3% | 10% | 9% | 32% | 38% |
| **Í þúsundum króna á íbúa** | | | | | | | | |
| **Rekstur:** | | | | | | | | |
| Skatttekjur og jöfnunarsjóður | 1.024 | 972 | 932 | 1.023 | 856 | 887 | 800 | 812 |
| Aðrar tekjur | 543 | 538 | 424 | 573 | 570 | 636 | 802 | 533 |
| Laun og launatengd gjöld | 279 | 296 | 266 | 330 | 228 | 272 | 274 | 255 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.077 | 1.025 | 909 | 965 | 1.049 | 1.003 | 920 | 898 |
| Afskriftir | (81) | (80) | (51) | (67) | (9) | (55) | (9) | (45) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (125) | (115) | (66) | (115) | (15) | (92) | (7) | (73) |
| Rekstrarniðurstaða | 4 | (6) | 64 | 119 | 126 | 101 | 392 | 73 |
| **Efnahagur:** | | | | | | | | |
| Eignir | 3.650 | 3.650 | 3.452 | 3.452 | 3.455 | 3.455 | 3.502 | 3.502 |
| Eigið fé | 1.293 | 1.293 | 1.325 | 1.325 | 1.231 | 1.231 | 1.163 | 1.163 |
| Skuldir | 2.358 | 2.358 | 2.127 | 2.127 | 2.224 | 2.224 | 2.339 | 2.339 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 85 | 165 | 115 | 249 | 134 | 205 | 400 | 167 |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | 85 | (86) | 115 | 256 | 134 | 293 | 400 | 915 |
| **Aðrar lykiltölur** | | | | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 2,1 | 2,1 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,2 | 1,2 |
| Eiginfjárhlutfall | 35% | 35% | 38% | 38% | 36% | 36% | 33% | 33% |
| Íbúafjöldi | 255 | 255 | 250 | 250 | 245 | 245 | 238 | 238 |
| Breyting frá fyrra ári (%) | 4,1% | 4,1% | 5,0% | 5,0% | 10,9% | 10,9% | 7,7% | 7,7% |